

Ed.

706. Frumvarp til laga

[250. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. maí.)

1. gr.

5. mgr. 12. gr. orðist þannig:

Landsbraut: Vegur, sem er minnst 2 km langur frá vegamótum og nær a. m. k. til þriggja býla, þannig að hann nái að þriðja býli frá vegarenda. Vikja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða veg að kaupúni. Sömuleiðis má þar, sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 19. gr. komi viðbót, svo hljóðandi:

Í sýsluvegasjóðssamþykkt skulu sýsluvegir taldir upp. Í tölu sýsluvega skulu vera:

- a. Vegir að öllum býlum, sem ekki hafa beint vegasamband við þjóðvegi.
- b. Vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum.
- c. Vegir í þorpum með undir 300 íbúum.
- d. Heimilt er sýslunefnd að taka í tölu sýsluvega vegi að fullgerðum orkuverum, eyðibýlum, fjallskilaréttum og bryggjum.
- e. Heimilt er í sýsluvegaáætlun að veita fé til fjallvega, sem nauðsynlegir teljast vegna nýtingar afréttar- og beitilanda.

Í tölu sýsluvega samkvæmt a-lið þessarar greinar má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, og skal slíkur vegur aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

3. gr.

Síðasti másl. 2. mgr. 28. gr. orðist þannig:

Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags aðallega miða við notkun og lengd þeirra sýsluvega í hverri sýslu, sem falla undir a—c-lið 19. gr., en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því, hve mikill hluti þeirra vega er lagður, ruddur eða ekki akfær.

4. gr.

85. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 7 10. apríl 1968, orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 5.67 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi, sbr. þó 92. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Við gildistöku laga þessara skal fella meginmál þeirra, meginmál laga nr. 12 14. maí 1964 og laga nr. 7 10. apríl 1968, um breyting á vegalögum, nr. 71 30. desember 1963, inn í vegalög, nr. 71 30. desember 1963, og gefa lög in út svo breytt.